# Eftirlaunasjóður F.Í.A.

## Ársreikningur 2011

## Efnisyfirlit:


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 - 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 16 |


**Eftirlaunasjóður F.Í.A.**
Borgartúni 19
105 Reykjavík
kt. 650376-0809

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður F.Í.A. starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem NBI hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðsfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

## Starfsemin á árinu

Alls greiddu 562 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls kr. 1.003 milljónum og hækkuðu um 16,2% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu kr. 693 milljónum og hækkuðu um 1,2% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 157 á árinu. Í árslok 2011 áttu 813 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 8,6 milljónir á árinu 2011.

Hrein ávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs var 2,37%. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins kr. 34.952 milljónum miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær kr. 31.402 milljónum eða 10,2% lægri fjárhæð en skuldbindingarnar.

Þann 17. mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af Fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum brotum á lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins vék frá störfum á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðnum var skilað aftur til réttkjörinnar stjórnar og framkvæmdastjóra þann 1. júlí 2009, án athugasemda. Á árinu 2011 hætti Sérstakur saksóknari rannsókn á þeim málum sem snerta lífeyrissjóðinn. Sú ákvörðun Sérstaks saksóknara var kærð af Fjármálaeftirlitinu til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari tók svo ákvörðun um að vísa málinu aftur til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara. Engin niðurstaða er komin í þá rannsókn, engar kærur hafa verið birtar og enginn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu.

Eignasafn sjóðsins stendur nú traustum fótum. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Á árinu 2011 var samið við Arion banka um umsjón og eignastýringu sjóðsins frá og með 1. janúar 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu 2011 og annaðist Landsbankinn rekstur hans til 31. desember 2011. Framkvæmdastjóri er starfsmaður bankans.

## Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2011 kr. 18.187 milljónum og hefur hækkað á árinu úr kr. 16.584 milljónum eða um kr. 1.603 milljónum króna.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður F.Í.A. hefur gert samning við Arion banka, og annast hann umsjón og eignastýringu sjóðsins innan gildandi fjárfestingastefnu stjórnar sjóðsins hverju sinni. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs F.Í.A. staðfesta hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2012.

Í stjórn Eftirlaunasjóðs F.Í.A.

Þ. Haukur Reynisson

Sturla Ómarsson

Hlynur Elísson

Bogi Nils Bogason

Kristján Egilsson

Framkvæmdastjóri

Haraldur Yngvi Pétursson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs F.Í.A. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2011, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreiknninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 25. apríl 2012.

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Kristinn Kristinsson
Löggiltur endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 206.879.804 | 172.590.309 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 788.616.131 | 684.454.975 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 7.556.919 | 6.492.060 |
| | | 1.003.052.854 | 863.537.344 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 693.279.249 | 684.963.622 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 100.000 | 0 |
| | | 693.379.249 | 684.963.622 |
| **Fjárfestingartekjur** | 4 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 110.002.658 | (22.181.752) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 1.386.187.939 | 1.158.064.788 |
| Breyting á niðurfærslu | | (158.315.231) | 26.126.317 |
| | | 1.337.875.366 | 1.162.009.353 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 11 | 14.357.587 | 7.939.724 |
| Vaxtagjöld | | 1.794.919 | 1.138.299 |
| | | 16.152.506 | 9.078.023 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 11 | 13.634.376 | 14.574.980 |
| Sérstakt gjald til ríkissjóðs | | 14.815.909 | 0 |
| | | 28.450.285 | 14.574.980 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 1.602.946.181 | 1.316.930.072 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 16.583.600.170 | 15.266.670.098 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 18.186.546.351 | 16.583.600.170 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | 5 - 10 | | |
| Húseignir og lóðir | | 15.875.490 | 16.199.480 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 3.833.122.928 | 3.294.371.246 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 7.357.034.610 | 6.598.649.415 |
| Veðlán | | 2.539.486.281 | 2.550.439.596 |
| Bankainnistæður | | 3.719.073.994 | 3.960.637.895 |
| | | 17.464.593.303 | 16.420.297.632 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 78.563.977 | 62.955.770 |
| Aðrar kröfur | | 18.262.740 | 8.990.039 |
| | | 96.826.717 | 71.945.809 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 651.080.251 | 109.239.905 |
| **Eignir samtals** | | 18.212.500.271 | 16.601.483.346 |

## Skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 25.953.920 | 17.883.176 |
| **Skuldir samtals** | | 25.953.920 | 17.883.176 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 18.186.546.351 | 16.583.600.170 |
| **Aðrar upplýsingar** | 12 - 14 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 990.726.270 | 859.128.750 |
| Fjárfestingartekjur | 721.154.408 | 725.242.995 |
| Afborganir verðbréfa | 461.423.293 | 648.361.089 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 917.696.688 | 1.646.079.304 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 345.362.992 | 394.863.112 |
| Lækkun á bankainnistæðum | 294.766.131 | 5.495.023 |
| | 3.731.129.782 | 4.279.170.273 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 720.228.521 | 684.752.754 |
| Fjárfestingargjöld | 34.689 | 761.880 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 21.878.424 | 22.084.250 |
| | 742.141.634 | 707.598.884 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 2.988.988.148 | 3.571.571.389 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 1.322.424.213 | 1.813.443.463 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 992.380.789 | 1.762.123.842 |
| Ný veðlán og útlán | 132.342.800 | 59.100.000 |
| | 2.447.147.802 | 3.634.667.305 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 541.840.346 | (63.095.916) |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 109.239.905 | 172.335.821 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 651.080.251 | 109.239.905 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sjóðinn.

### 1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við markaðskröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2011.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Bankainnistæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnistæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnistæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í árslok 2011. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tillti til markaðsaðstæðna.

# Skýringar

### 1.5 Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Arion banka, samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Arion banki annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2011, 1.213 milljónir og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 121 milljónir króna.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

**Greiddur lífeyrir greinist þannig:**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 553.608.621 | 552.790.937 |
| Örorkulífeyrir | 76.367.732 | 58.490.430 |
| Makalífeyrir | 69.327.376 | 61.267.689 |
| Barnalífeyrir | 19.600.652 | 11.329.368 |
| | 718.904.381 | 683.878.424 |
| Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða | (25.625.132) | 1.085.198 |
| | 693.279.249 | 684.963.622 |

## 4. Fjárfestingatekjur

**Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Gangvirðisbreyting af hlutabréfum | 110.002.658 | (22.181.752) |

**Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnistæðum | 321.763.706 | 270.261.316 |
| Gengishagnaður | 1.325.706 | 25.096.920 |
| Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa | 1.062.044.559 | 856.949.488 |
| Dráttarvextir | 1.053.968 | 5.757.064 |
| | 1.386.187.939 | 1.158.064.788 |

**Breyting á niðurfærslu greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1 | (174.911.752) | (261.795.891) |
| Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu | 0 | 60.757.822 |
| Breyting á niðurfærslu | (158.315.231) | 26.126.317 |
| Niðurfærsla 31.12 | (333.226.983) | (174.911.752) |

# Skýringar

## 5. Húseignir og lóðir

### Húseignir og lóðir:

| **Árslok 2010** | Fasteignir |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 16.530.082 |
| Afskriftir | (330.602) |
| Bókfært verð í árslok | 16.199.480 |
| | |
| Bókfært verð í árslok 2010 greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 18.008.717 |
| Samasafnaðar afskriftir | (1.809.237) |
| Bókfært verð í árslok | 16.199.480 |
| | |
| **Árslok 2011** | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 16.199.480 |
| Afskriftir | (323.990) |
| Bókfært verð í árslok | 15.875.490 |
| | |
| Bókfært verð í árslok 2011 greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 18.008.717 |
| Samasafnaðar afskriftir | (2.133.227) |
| Bókfært verð í árslok | 15.875.490 |

Fasteignir félagsins í árslok 2011 voru eftirtaldar:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Hlíðarsmári 8 | 9.966.000 | 16.020.000 | 15.875.490 |

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

| **Hlutabréf:** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|
| Skráð félög: | | |
| Marel Food Systems hf | 202.750.000 | 132.200.000 |
| Icelandair Group hf. | 186.993.565 | 63.000.000 |
| Hagar hf. | 71.106.755 | 0 |
| Össur hf. | 61.296.620 | 35.525.000 |
| | 522.146.940 | 230.725.000 |
| Óskráð félög: | | |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 212.799.949 | 59.220.000 |
| Jarðvarmi slhf. | 126.516.786 | 0 |
| MP-Banki hf. | 30.000.000 | 0 |
| Eimskipafélag Íslands ehf. | 8.464.674 | 8.464.674 |
| Stoðir ehf. | 7.362.154 | 7.362.154 |
| Önnur óskráð félög | 130.613 | 123.613 |
| | 385.274.176 | 75.170.441 |
| | | |
| Eignarhlutar í innlendum félögum | 907.421.116 | 305.895.441 |

# Skýringar

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

| **Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Landsbanki Nordic 40 | 0 | 105.246.546 |
| Landsbanki Global Equity Fund | 83.524.846 | 68.613.435 |
| Úrvalsbréf Landsbankans | 126.002.050 | 62.553.421 |
| | 209.526.896 | 236.413.402 |
| Skuldabréfasjóðir: | | |
| Markaðsbréf meðal | 0 | 203.652.309 |
| Markaðsbréf löng | 277.786.824 | 254.290.853 |
| Fyrirtækjabréf L.Í., óskráð | 371.741.225 | 494.755.796 |
| Sparibréf - óverðtryggð | 50.427.000 | 49.095.000 |
| Sparibréf - verðtryggð | 167.763.486 | 144.279.593 |
| Sparibréf löng | 411.679.411 | 378.767.863 |
| Sparibréf meðallöng | 325.230.097 | 0 |
| | 1.604.628.043 | 1.524.841.414 |
| Óhefðbundnar fjárfestingar: | | |
| Landsbanki Currency Fund | 1.701.336 | 1.679.230 |
| Landsbanki Absolute Return Strategies | 6.832.436 | 8.858.409 |
| Landsbanki Mezzanine Fund | 13.703.181 | 11.745.149 |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 354.403.699 | 410.153.728 |
| Landsbanki Private Equity II | 95.436.158 | 78.334.954 |
| Stefnir ÍS-5 | 66.503.238 | 0 |
| Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn | 68.763.464 | 0 |
| | 607.343.512 | 510.771.470 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum alls | 2.421.498.451 | 2.272.026.286 |

| **Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:** | | |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Jupiter Global Equity Fund | 11 | 356.799.901 |
| T Rowe Price Funds SICAV - Global Equity Fund | 222.731.268 | 157.195.395 |
| Carnegie Worldwide Fund | 281.472.082 | 202.454.223 |
| | 504.203.361 | 716.449.519 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum: | 504.203.361 | 716.449.519 |
| **Verðbréf með breytilegum tekjum alls** | 3.833.122.928 | 3.294.371.246 |

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

| **Innlend skuldabréf:** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 3.739.774.736 | 3.625.557.436 |
| Ríkisbréf | 1.761.007.279 | 1.446.109.813 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 616.673.311 | 495.699.480 |
| Skuldabréf lánastofnana | 142.235.106 | 139.632.910 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 845.188.472 | 872.922.947 |
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar | 2.047.783 | 5.634.941 |
| Stofnlánadeild Landbúnaðarins | 11.482.713 | 13.091.888 |
| | 7.118.409.400 | 6.598.649.415 |

| **Erlend skuldabréf:** | | |
|---|---|---|
| US Treasury Bill | 238.625.210 | 0 |
| | 238.625.210 | 0 |
| **Verðbréf með föstum tekjum alls** | 7.357.034.610 | 6.598.649.415 |

Markaðsverð skuldabréfa nemur 8.550 millj.kr. í lok desember 2011

## 8. Veðlán

| Veðlán greinast þannig: | | |
|---|---|---|
| Skuldabréf sjóðfélaga | 2.431.597.907 | 2.433.114.290 |
| Önnur veðlán | 138.569.501 | 148.006.433 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | (30.681.127) | (30.681.127) |
| | 2.539.486.281 | 2.550.439.596 |

## 9. Bankainnistæður

| **Bankainnistæður:** | | |
|---|---|---|
| Landsbók, sparisjóðsreikningur Landsbanka Íslands | 2.308.529.167 | 2.367.761.423 |
| Innlán Arion banki | 1.352.061.584 | 1.540.381.365 |
| Innlán í Íslandsbanka vegna Straums | 58.483.243 | 52.495.107 |
| | 3.719.073.994 | 3.960.637.895 |

## 10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:

| | | |
|---|---|---|
| ISK | 16.235.513.768 | 15.073.309.847 |
| USD | 749.660.996 | 368.508.027 |
| EUR | 95.436.169 | 540.381.401 |
| GBP | 368.106.880 | 421.898.877 |
| | 17.448.717.813 | 16.404.098.152 |

| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | |
|---|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 93,00% | 91,90% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðli | 7,00% | 8,10% |
| | 100% | 100% |

# Skýringar

## 11. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 9.720.895 | 9.220.270 |
| Tryggingafræðileg úttekt | 2.243.566 | 2.719.627 |
| Endurskoðun | 2.217.083 | 3.427.000 |
| Árangurstengd þóknun til LÍ vegna 2011 | 5.988.834 | 0 |
| Sérfræðivinna vegna flutnings sjóðs frá LÍ til Arion | 1.317.788 | 0 |
| Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara | 4.143.085 | 2.765.000 |
| Húsnæðiskostnaður | 889.032 | 2.083.758 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 1.471.680 | 2.299.049 |
| | 27.991.963 | 22.514.704 |

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Þ. Haukur Reynisson, stjórnarformaður | 2.718.300 | 1.645.675 |
| Sturla Ómarsson | 2.110.972 | 1.193.717 |
| Kristján Egilsson | 2.046.372 | 1.925.236 |
| Hlynur Elísson | 581.400 | 604.364 |
| Bogi Nils Bogason | 339.150 | 0 |
| Þorvaldur Þorsteinsson | 246.428 | 0 |
| Guðmundur Pálsson | 242.250 | 604.364 |
| Úlfar Henningsson | 129.200 | 32.300 |
| Magnús Br. Jóhannsson | 64.600 | 975.362 |
| Jenna Lilja Jónsdóttir | 48.450 | 64.600 |
| Victor B. Victorsson | 32.300 | 48.450 |
| Linda Gunnarsdóttir | 32.300 | 0 |
| Baldur Þór Bjarnason | 0 | 731.516 |
| Magnús Friðriksson | 0 | 290.000 |
| Helgi Sigurður Skúlason | 0 | 144.000 |
| Þorgeir Jónsson | 0 | 68.000 |
| | 8.591.722 | 8.327.584 |

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 2,2 millj. króna þar af nam aðstoð við gerð ársreiknings kr. 577 þús. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af Innri endurskoðun Landsbankans, þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Landsbankans samkvæmt samningi.

# Skýringar

## 12. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2012 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2011. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að skuldbindingar sjóðsins næmu 3,6 milljörðum króna umfram eignir sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda miðað við árslok 2011.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í þúsundum króna:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 18.186.546 | | 18.186.546 |
| Núvirði verðbréfa | 1.071.699 | | 1.071.699 |
| Fjárfestingakostnaður | (336.764) | | (336.764) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | | 12.480.894 | 12.480.894 |
| Eignir samtals | 18.921.481 | 12.480.894 | 31.402.375 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Ellilífeyrir | 16.982.231 | 9.229.214 | 26.211.445 |
| Örorkulífeyrir | 1.235.635 | 893.644 | 2.129.279 |
| Makalífeyrir | 3.919.800 | 1.736.679 | 5.656.479 |
| Barnalífeyrir | 261.640 | 374.040 | 635.680 |
| Rekstrarkostnaður | 152.044 | 167.759 | 319.803 |
| Skuldbindingar samtals | 22.551.350 | 12.401.336 | 34.952.686 |
| **Eignir umfram skuldbindingar** | (3.629.869) | 79.558 | (3.550.311) |
| **Eignir í hlutfalli af skuldbindingum** | -16,1% | 0,6% | -10,2% |

## 13. Ororkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Sameinaði lífeyrissjóðurinn vegna Lífeyrissjóðsins Hlífar, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli á árinu 1999 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er kr. 17.303.945.

## 14. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert þrjá samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Annars vegar er um að ræða 420 milljóna króna þátttökuloforð í Framtakssjóði Íslands, skuldbinding til kaupa í Landsbanki Private Equity Fund II að fjárhæð EUR 803 þúsund og skuldbinding til að kaupa í fagfjárfestingarsjóðnum SÍA 1 fyrir 80 milljónir. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

| | **2011** | **2010** |
|---|---|---|
| Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok | 627.548.520 | 543.898.099 |
| Heildarfjárfestingar | ( 535.940.847 ) | ( 137.994.206 ) |
| Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum | 91.607.673 | 405.903.893 |

# Skýringar

## 15. Fimm ára yfirlit

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 2,37% | 4,68% | 0,96% | -26,02% | 1,57% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | | | | |
| síðustu 5 ár | -4,06% | -2,89% | -2,38% | -1,43% | 6,75% |
| síðustu 10 ár | 0,66% | 0,79% | 0,65% | 1,31% | 5,10% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 14,20% | 13,55% | 13,06% | 31,60% | 66,55% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 41,29% | 39,11% | 34,96% | 12,10% | 10,16% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 7,77% | 6,54% | 7,13% | 6,78% | 3,02% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 0,87% | 1,11% | 1,09% | 1,73% | 3,72% |
| Veðlán | 14,55% | 15,55% | 17,59% | 18,59% | 16,55% |
| Bankainnistæður, bundnar | 21,32% | 24,14% | 26,17% | 29,21% | 0,00% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 93,00% | 91,90% | 87,77% | 88,80% | 76,17% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðli | 7,00% | 8,10% | 12,23% | 11,20% | 23,83% |
| Samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 562 | 565 | 535 | 579 | 579 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 157 | 143 | 137 | 126 | 113 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir | 77,01% | 80,83% | 82,80% | 83,30% | 84,50% |
| Örorkulífeyrir | 10,62% | 8,55% | 7,10% | 6,90% | 6,20% |
| Makalífeyrir | 9,64% | 8,96% | 8,60% | 8,40% | 8,60% |
| Barnalífeyrir | 2,73% | 1,66% | 1,50% | 1,40% | 0,70% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjarhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -10,16% | -7,60% | -13,60% | -14,90% | -0,50% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | -16,10% | -12,50% | -21,70% | -27,30% | 19,30% |